

Mánudaginn 23. september 1996.

Nr. 356/1996.

**Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

**Tryggva Knud Óskarssyni**

(Ásgeir Þór Árnason hdl.)

Kærumál. Gagnaöflun. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 1996, sem kveðinn var upp undir rekstri máls sóknaraðila á hendur varnaraðila og fleirum. Með úrskurðinum var fallist á kröfu sóknaraðila um, að Póst- og símamálastofnun yrði heimilað að láta í té upplýsingar um símtöl, sem farið hefðu fram milli tiltekins farsíma varnaraðila og síma á tilgreindum stöðum, tengdum Kristjáni Jóhanni Stefánssyni, en hann er meðal annarra ákærðu í fyrrnefndu máli. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að þeirri kröfu sóknaraðila, sem málið varðar, verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að henni verði hafnað. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

I.

Samkvæmt b-lið 86. gr. laga nr. 19/1991 er heimilt í þágu rannsóknar opinbers máls að fá meðal annars upplýsingar hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma. Í 1. mgr. 87. gr. laganna er áskilið, að dómsúrskurðar sé þörf til þessarar aðgerðar, ef umráðamaður og eiginlegur notandi síma samþykkir hana ekki, en meðal annars ber þá að taka fram í úrskurðinum, „hvaða tiltekinn síma . . . sé um að ræða“.

Eðli máls samkvæmt verður að skýra þessi ákvæði þannig, að að-

eins sé þörf á að afla þar greindra heimilda til að fá upplýsingar um notkun eins tiltekins síma, þótt þar með sé um leið fengin vitneskja að því leyti um notkun annarra síma, sem samtöl hafa farið um við hann. Verður því ekki fallist á þá röksemd varnaraðila fyrir kröfu um frávísun, að nauðsyn beri til að beina kröfum sóknaraðila einnig að umráðamönnum og notendum þeirra síma, sem ákærði er talinn hafa átt samtöl við.

Krafa sóknaraðila er í öðrum atriðum nægilega afmörkuð, til þess að fullnægt sé skilyrðum b-liðar 86. gr. og 1. mgr. 87. gr. laga nr. 19/1991. Eru því ekki efni til að vísa kröfunni frá dómi vegna annmarka í þeim efnunum.

## II.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki séð, að skráning Póst- og símamálastofnunar á upplýsingum um notkun farsíma varnaraðila, sem sóknaraðili krefst nú aðgangs að, sé andstæð ákvæðum laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Krafa sóknaraðila á stoð í fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 19/1991, sem eru hvorki andstæð 71. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 9. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, né 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttinasáttmála Evrópu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 1996.**

Ár 1996, fimmtudaginn 19. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. S-380/1996: Ákærvaldið gegn Grétari Inga Gunnarssyni, Birgi Ingimarssyni, Kristjáni Berg Ásgeirssyni, Tryggva Knud Óskarssyni og Kristjáni Jóhanni Stefánsyni, en krafa ríkissaksóknara var tekin til úrskurðar 6. þ. m.

Hinn 16. apríl sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Grétari Inga Gunnarssyni, Birgi Ingimarssyni, Kristjáni Berg Ásgeirssyni, Tryggva Knud

Óskarssyni og Kristjáni Jóhanni Stefánssyni fyrir ætluð brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, og eru brot allra ákærðu í ákærinni talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Málið var þingfest 29. apríl sl., og hófst aðalmeðferð 13. maí sl., en frestaðist vegna óska um frekari vitnayfirheyrslur og vegna fjarveru vitna.

Í þinghaldi 5. júní sl. var tekin fyrir krafa ríkissaksóknara um, að Pósti og síma yrði með dómsúrskurði heimilað að afhenda lögreglu upplýsingar um tiltekin símtöl, sem gengið höfðu milli GSM-síma ákærða Tryggva Knuds Óskarssonar og síma á dvalarstað og vinnustað ákærða Kristjáns Jóhanns Stefánssonar. Eftir frestun málsins í sumarbyrjun var krafa ríkissaksóknara tekin fyrir að nýju 6. þ. m.

Um tilefni og rökstuðning kröfugerðar ríkissaksóknara segir m. a. svo, en kröfugerðin er dags. 24. maí sl.: „Eftir að aðalmeðferð þessa máls hófst í þinghaldi 13. þ. m., hvarf ákærði Tryggvi Knud frá fyrri framburði sínum um þátt meðákærða Kristjáns Jóhanns í málinu. Kveður hann nú þátt Kristjáns Jóhanns þann einan að hafa afhent sér og meðákærða Kristjáni Berg 2 töflur af „ecstasy“ í London, en hann hafi engan þátt átt í sölu efnisins til þeirra, svo sem ákærði hefur áður borið og í ákæru greinir. Þá hvarf ákærði Tryggvi Knud enn fremur frá þeim framburði sínum, að hann og Kristján Jóhann hefðu rætt saman í síma fyrir ferðina til London og lagt á ráðin um fyrirhuguð viðskipti með „ecstasy“. Ákærði Kristján Jóhann hefur ekki kannast við, að þessi símtöl hafi farið fram, og reyndar neitað öllum sakargiftum.

Við lögreglurannsókn málsins tókst ekki að afla upplýsinga frá Pósti og síma um þessi ætluðu símtöl, en við eftirgrennslan lögreglu, sem fram fór að kröfu ákæruvalds, mun nú vera unnt að upplýsa um notkun ákærða Tryggva Knuds á síma sínum, 893-7371, þann tíma, sem hér skiptir máli. Um nánari skýringar á þessu vísast til skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, dagsettrar 16. þ. m., sem send er dóminum í dag með öðru bréfi. Af ákæruvaldsins hálfu er lögð áhersla á, að upplýst verði, eins og kostur er, um samskipti ákærðu Tryggva Knuds og Kristjáns Jóhanns, áður en þeir fóru til London. Upplýsingar um símtöl þeirra kunna að gefa mikilsverðar vísbendingar um, að nokkur aðdragandi hafi verið að viðskiptum þeirra með „ecstasy“ þar í borginni og að þeir hafi að verulegu leyti unnið að skipulagningu þessa hér á landi.“

Þá segir í kröfugerðinni: „Með hliðsjón af breyttum framburði ákærða Tryggva Knuds og vísan til þess, sem fram kemur í framangreindri lögregluskýrslu, er þess hér með krafist með vísan til b-liðar 86. gr. og 1. og 2. mgr. 87. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að Pósti og síma

verði með dómsúrskurði heimilað að veita lögreglu upplýsingar um símtöl, sem gengið hafa milli síma ákærða Tryggva Knuds og síma á dvalarstað og vinnustað ákærða Kristjáns Jóhanns í júlí 1995, og að heimildin taki bæði til símtala, sem farið hafa fram hér á landi og í London.“

Samkvæmt yfirlýsingu ákæruvaldsins fyrir dóminum í dag ber að skilja kröfugerðina þannig, að hún lúti einungis að því að fá upplýsingar um símtöl úr GSM-farsíma ákærða Tryggva Knuds við síma á vinnustað og dvalarstað ákærða Kristjáns Jóhanns í júlímánuði 1995.

Ákærði Tryggvi Knud Óskarsson hefur fyrir dómi sýnað um aðgang að þeim gögnum, sem krafa ríkissaksóknara lýtur að. Verjandi ákærða Tryggva Knuds krefst aðallega frávisunar kröfunnar og til vara, að henni verði hafnað. Aðrir ákærðu og verjendur þeirra tóku ekki afstöðu til kröfugerðar ákæruvaldsins um upplýsingar um símtöl úr GSM-farsíma ákærða Tryggva Knuds.

#### *Niðurstöður.*

Svo sem fram kemur í kröfugerð ákæruvaldsins, hefur ákærði Tryggvi Knud breytt framburði sínum um ætlaðan hlut meðákærða Kristjáns Jóhanns. Rannsóknaraðilar reyndu undir rannsókn málsins, eins og laga-skylda þeirra býður, sbr. 68. gr. laga nr. 19/1991 (oml.), að afla hinna umbeðnu upplýsinga. Samkvæmt gögnum málsins reyndist á þeim tíma ekki unnt að afla þessara gagna vegna breytinga í tölvukerfi Pósts og síma. Það var síðan eftir þingfestingu málsins, að í ljós kom, að unnt er að afla þessara upplýsinga, en svo sem rakið var, hefur ákærði Tryggvi Knud sýnað um aðgang að þeim.

Verjandi ákærða Tryggva Knuds hefur aðallega krafist frávisunar kröfu ríkissaksóknara. Dómurinn telur engar þær málsástæður, er verjandi tiltók, leiða til frávisunar kröfunnar. Að mestu leyti er stuðst við sömu málsástæður vegna kröfunnar um, að hafna eigi kröfu ríkissaksóknara, en afstaða dómsins til málsástæðnanna kemur fram hér á eftir.

Í kröfugerð ríkissaksóknara er vísað til 86. og 87. gr. oml. Ljóst er af orðalagi greinanna, að ráðstafanir, sem þar eru tilgreindar, fara einkanlega fram í þágu og í tengslum við rannsókn máls, en ekki undir dómsmeðferð þess. Þetta má m. a. ráða af upphafsákvæði 86. gr. laganna, þar sem segir, að með skilyrðum, sem greind eru í 87. gr., sé heimilt í þágu rannsóknar o. s. frv. Löggin gera hins vegar ráð fyrir því, að eftir að aðalmeðferð máls er byrjuð, geti komið til þess, að kveðinn verði upp úrskurður um þvingunarráðstafanir skv. X. kafla laganna, en ríkissaksóknari vísar til lagaákvæða í X. kafla vegna kröfugerðarinnar. Þetta kemur fram í 2. mgr. 142. gr. lag-

anna, þar sem segir m. a. efnislega, að eftir að aðalmeðferð máls er byrjuð, sæti úrskurður dómara um þvingunarráðstafanir skv. X. kafla laganna kæru til Hæstaréttar. Samkvæmt þessu er ekki loku fyrir það skotið, að þær aðstæður geti komið upp eins og í máli þessu, að gagnaöflun eins og sú, sem krafa ríkissaksóknara lýtur að, fari fram eftir upphaf aðalmeðferðar máls, þótt meginreglan um gagnaöflun og framlagningu skjala sé á annan veg.

Í b-lið 86. gr. oml. segir, að heimilt sé í þágu rannsóknar að fá upplýsingar hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki, og um skilyrði þess, að ráðstafanir þessar nái fram að ganga, er vísað til 87. gr. Skilyrðin í 87. gr. eru þau, að ástæða sé til að ætla, að upplýsingarnar, sem beðið er um aðgang að, geti skipt miklu fyrir rannsókn máls, og enn fremur er skilyrði, að rannsókn beinist að broti, sem varðað geti 8 ára fangelsi, eða að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

Brotin, sem ákærðu eru gefin að sök í máli þessu, eru í ákæru talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, en hámarksrefsing samkvæmt því lagaákvæði er tíu ára fangelsi. Þá telur dómurinn, að mikilsverðir almannahagsmunir séu fyrir því að upplýsa mál eins vel og frekast er kostur. Samkvæmt þessu telur dómurinn fullnægt síðara skilyrði 87. gr., sem vitnað er til hér að framan. Hitt skilyrði lagagreinarinnar er þannig, að dómari verður að leggja mat á það, að upplýsingarnar, sem fást, geti skipt miklu máli fyrir rannsókn máls. Þótt notað sé orðið rannsókn í þessu sambandi, er ekki loku fyrir það skotið, að dómari úrskurði um þetta og leggi á þetta mat, eftir að aðalmeðferð málsins er hafin, sbr. það, sem áður sagði um 142. gr. oml.

Dómurinn telur hinar umbeðnu upplýsingar geta skipt miklu máli og samkvæmt því vera fullnægt báðum skilyrðum 2. mgr. 87. gr. oml.

Mat dómarsins í þessu sambandi getur ekki leitt til þess, að hann verði vanhæfur til að fara með málið eftir, enda ýmislegt undir meðferð máls, sem dómara ber að meta og snertir sönnunarfærslu, sbr. t. d. 4. mgr. 128. gr. oml., þar sem segir, að dómara sé rétt að meina aðilum að leggja fram gögn eða leiða vitni, ef sú sönnunarfærsla er sýnilega þarflaus til upplýsingar máls. Þá má vísa til 3. mgr. 128. gr. oml., en skv. því ákvæði getur dómari lagt fyrir ákæranda að afla þeirra gagna í máli, sem ríkissaksóknari hefur nú óskað eftir, að heimilað verði að afla með dómsúrskurði.

Í úrskurði þessum er engin afstaða tekin til vörslu Pósts og síma og skráningar stofnunarinnar á upplýsingum, en verjandi ákærða Tryggva Knuds vék að því í sínum málflutningi.

Að öllu ofanrituðu virtu og með vísan til b-liðar 86. gr. og 1. og 2. mgr.

87. gr. oml. þykir rétt að verða við fram kominni kröfu ríkissaksóknara og heimila Pósti og síma að veita lögreglu upplýsingar um símtöl úr GSM-farsíma nr. 8937371 á nafni ákærða Tryggva Knuds Óskarssonar við síma á dvalarstað og vinnustað ákærða Kristjáns Jóhanns Stefánssonar í júlímánuði 1995. Heimildin nær jafnt til símtala, sem fram fóru hér á landi og í London.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Pósti og síma er heimilt að láta í té upplýsingar um símtöl, sem fram fóru úr GSM-farsíma nr. 8937371 á nafni ákærða Tryggva Knuds Óskarssonar við síma á dvalarstað og á vinnustað ákærða Kristjáns Jóhanns Stefánssonar í júlímánuði 1995.

Heimildin nær jafnt til símtala, sem fram fóru hér á landi og í London.

---